Skráð atvinnuleysi 1% í mars

Atvinnuleysi í mars stóð í stað eða jókst örlítið miðað við fyrri mánuð. Þetta er ólíkt því sem gjarnan gerist í mars þegar atvinnuástand byrjar oft að batna með hækkandi sól. Þetta er hins vegar ekki ósvipað og í mars 2002 en þá gekk efnahagslífið tímabundið í gegnum erfiðleika.



- Skráð atvinnuleysi í mars var 1,05% eða að meðaltali 1.674 manns. Þetta er örlítið meira atvinnuleysi en í fyrra mánuði þegar það var 1,02% eða 1.631 manns. Miðað við sama mánuð í fyrra er hins vegar um minnkun að ræða en þá var atvinnuleysi 1,25% eða 1.934 manns.
- Milli mánaða fjölgaði atvinnulausum um 75 á höfuðborgarsvæðinu en fækkaði um 32 á landsbyggðinni. Mest var fækkunin á Suðurlandi (30 manns). Atvinnulausum körlum fjölgaði um 50 en atvinnulausum konum fækkaði um 7. Atvinnuleysi á landsbyggðinni er tiltölulega háð árstíðasveiflu (minnst á sumrin, mest yfir veturinn) en atvinnuleysi á höfuðborgarsvæði háðara efnahagsaðstæðum. Líkt og undanfarna mánuði þá er ástandið nú einna verst á Suðurnesjum og Norðurlandi eystra.
- Alls voru 458 erlendir starfsmenn skráðir inn á vinnumarkaðinn í mars eða 168 færri en í fyrra mánuði og 35 færri en í sama mánuði í fyrra. Af þeim sem bættust við nú koma 412 frá nýjum ríkjum evrópska efnahagssvæðisins og 46 utan þess.
- Atvinnuleysi er nátengt menntun. Þannig er fólk sem aðeins hefur grunskólapróf um 35% af vinnuaflinu en 65% af atvinnulausum. Þeir sem eru með framhaldsnám eru um 44% af vinnuaflinu en 24% af atvinnulausum. Þeir sem eru með háskólamenntun eru um 21% af vinnuaflinu en aðeins 11% af atvinnulausum.
- Atvinnuleysi er sérstaklega áberandi meðal verkafólks en einnig meðal þjónustu- og verslunarfólks. Það er hins vegar lítt áberandi meðal stjórnenda, sérfræðinga, sérmenntaðra starfsmanna, iðnaðarmanna, sjómanna og bænda.
    - Verkafólk er um 14% af vinnuaflinu en 37% af atvinnulausum. Þjónustu- og verslunarfólk er um 21% af vinnuaflinu en 28% af atvinnulausum. Skrifstofufólk er um 7% af vinnuaflinu en 9,5% af atvinnulausum.
    - Stjórnendur, sérfræðingar og sérmenntaðir um 42% af vinnuaflinu en aðeins 17% af atvinnulausum. Iðnaðarmenn, sjómenn og bændur eru 16% af vinnuaflinu og 9% af atvinnulausum.